

Myndlist

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbi.is

„Þetta er gert af ástríðu“

Á Safnasafninu í Eyjafirði eru varðveitt um 4.000 alþýðulistaverk og á annað hundrað nútímalistaverk. Á hverju sumri setja eigendurnir, Niels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir, upp forvitnilegar sýningar í hjörtum salarkynnunum. „Þetta er fyrst og fremst hugsjón, barátta fyrir þetta fólk,“ segir Niels.

Við erum alltaf að bæta einhverjum hlutum við,“ segir Niels Hafstein, sem rekur Safnasafnið við Svalbarðseyri í Eyjafirði ásamt konu sinni, Magnhildi Sigurðardóttur. Við erum að skoða útskorna tálgaða fugla sem safninu áskotnuðust daginn áður, þeir eru á annan tuginn og samið var við útskurðarmeistararn, fullorðinn mann á Selfossi, að búa til fleiri í hópinn, jafnvel alla þá íslenska fugla sem upp á vantar.

Þau Niels og Magnhildur bæta stöðugt einhverju við safneignina sem þegar telur um 4.000 alþýðulistaverk og á annað hundrað nútímalistaverk.

„Við komumst ekki mikið frá til að leita að verkum en við fáum upplýsingar víða að,“ segir Niels. „Þannig birtust fyrir nokkrum dögum rennismiðir að skoða safnið og sögðust þau verða að koma með Úlfar Sveinbjörnsson hingað. Hann varð náttúrulega glaður þegar við fóluðumst eftir fughum hjá honum.“

Alþýðulistamenn hafa íðulega orðið hissa þegar þau Niels og Magnhildur falast eftir verkum þeirra, en þau hafa um árabil safnað alþýðulist af ástríðu. Gestir Safnasafnsins verða ekki síður bit þegar þeir skoða safnið sem stendur myndarlega í hvítum byggingum við þjóðveg eitt ofan við Svalbarðseyri, en þar kemur sitthvað á óvart í hverri heimsókn; áhugaverð verk eftir alþýðulistamenn, vandaðar sérsýningar samtímalistamanna og samskipti þarna á milli, og sífæld endurnýjun í gangi.

Tálguverk, óskupokar og einstakt vistkerfi

Þau Magnhildur og Niels stofnuðu Safnasafnið fyrir fimm-tán árum en þrettán ár eru síðan þau festu kaup á fyrsta hluta bygginganna sem hýsa safnið í dag; þau skiptu þá á íbúð sinni í Reykjavík og Þinghúsinu. Síðan var hús Kaupfélags Svalbarðseyrar, reist árið 1900, sett niður við hliðina og reist fullleg bygging sem Ragnheiður Ragnarsdóttir arkitekt teiknaði. Síðan voru þessi þrjú hús tengd saman með glerálmum. Á efstu hæð Kaupfélagsbyggingarinnar er 67 fermetra lista- og fræðimannsiðú sem er leigð út yfir veturinn, í viku í senn, en ferðafólki nótt og nótt á sumrin.

Nú liður að lokum þessa sýningartímabils; tíminn sem opið er hefur verið stuttur en tekið verður á móti hópum eitthvað inn í haustið. „Við erum með opið í fjóra mánuði. Undir lok ágúst fara börnin í skóla og fjölskyldufólk er ekki lengur á ferðinni. Síðan kemur veturinn með láttum 20. september,“ segir Niels.

Fyrir utan safnið taka stytturnar eftir Ragnar Bjarnason á móti gestum en inni er meðal annars sýning þar sem haldið er upp á 80 ára afmæli Sólheima í Grimsnesi, tálguverk eftir Hálfdán Ármann Björnsson frá Hlégarði í Aðalal, óskupokar úr dínarþví Halldórs Hansens barnalækni, og í einum sal er nýstárleg safnkynning þar sem blandað er saman framsælinni nútímalist, alþýðulist,

vöruhönnun, handverk, leikþöngum, minjagripum, kertum, kandis, fræjum og hári, svo eitthvað sé nefnt af sýningum á gripum í eigu safnsins. Þá eru í safninu samt sýning á listaverkum eftir Önnu Hallin og Olgu Bergmann, sem fundu ummerki um óþekktu siðmenningu og einstakt vistkerfi í garði safnsins og tengja þann fund verkum á sýningu sinni, sýningin *Listaveisla I*, fjölfeldi í 50 eintökum með verkum eftir 23 listakonur, auk sérsýninga á verkum eftir Rúri og Þór Vigfússon.

Viðhorf barnanna snarþreytt

„Verkin í safneigninni eru flest gerð eftir 1970,“ segir Niels þegar hann er spurður að því hvort þau hafi einnig safnað gamalli alþýðulist. „Þegar við byrjuðum voru eiginlega engir safnarar á þessu sviði og menn höfðu ákveðnar skoðanir á því hvað væri alþýðulist – það voru einkum málverk og teikningar. Þannig var til að mynda listið á stytturnar Ragnars Bjarnasonar sem eru hér úti sem drasl.“

Niels er ekki reiðubúinn að útskýra í stuttu máli hvað felst í orðinu alþýðulist, eða hver munurinn er á ómenntuðum listamanni og menntuðum; hann vísar á forvitnilega skilgreiningu sína á myndlist, Hringferill myndlistar, sem skoða má á vef safnsins, safnasafnið.is.

„Þessi mörk eru oft óljós,“ segir hann um sköpun alþýðulistamannsins og hins menntaða samtímalistamanns. „Þegar fólk hefur gengið gegnum strangan skóla er eins og það kastí náminu oft aftur fyrir sig og fari að gera eitthvað frá hjartanu. Þá er eins og það komi til baka; standi sig jafnvel að því að teikna eins og barn,“ segir hann og brosir.

– Er þetta spurning um einlegni eða einhvers konar tærleika í nálgun við verkið?

„Hjá sumum. En aðrir geta verið óttalegir perrar!“ Hann hlær. „Ekki síst þegar verkin eru sköpuð í fangelsum, en kannski ídrast menn og snúa frá villu síns vegar.“

Niels segir að margir þeirra sem skapi forvitnilega alþýðulist liti jafnvel niður á verk sín. En tónninn breytist þegar farið er að tala um þau á faglegan máta og hrósa þeim, því að með þessum neikvaða tóni er eins og fólk sé að fiska eftir stuðningi. Hann segir að það sé erfitt að fá fullorðið fólk sem fer að skapa myndlist upp úr þurru til að útskýra hvers vegna það fáiist við þetta.

„Aðgerðarleysi, segja þau stundum; iðja til að fylla upp í tómarúmið. En ég held að þetta sé brýn þörf. Fyrst þegar við hittum fólkid er oft eins og það skammist sín fyrir það sem það er að gera. Það hefur ekki fengið rétta viðurkenningu eða hvatningu. Stundum hefur maður upplifað eða heyrð að sá sem er í sköpunarverkinu á heimilinu sé lægstur í virðingarráttugum; sé kannski ekki nothæfur í annað en dútí. En þetta er gert af ástríðu og ættingjarnir verða hissa þegar við förum að sýna listamanninum og verkum hans áhuga og tölum um þau með allt öðru orða-

Ég man eftir nokkrum dæmum um það þegar ættingjar vildu „vernda“ alþýðulistamanninn fyrir „vonda mannum sem ásældist verkin“ – sem var auðvitað ég.

lagi en hefur töðkast. Þegar við svo förum að ræða um liti og form verður fólkid lens. Það er eins og verið sé að bæla niður það sem er frábrugðið norminu. Undrunin verður enn meiri þegar við kaupum verk og setjum þau á sýningu. Ég man eftir nokkrum dæmum um það þegar ættingjar vildu „vernda“ alþýðulistamanninn fyrir „vonda mannum sem ásældist verkin“ – sem var auðvitað ég.“

Niels segir mér eina af þessum sögum, um kíta átt ræða komu í Reykjavík sem hélt sýningu á verkum í Gerðubergi og Niels heillaðist af. Honum var sagt að konan væri á spítala en hann skrifaði henni bréf þar sem hann lýsti yfir áhuga á verkunum og sendi heim til hennar. Nokkrum dögum síðar hringdi eiginmaður konunnar í Niels, hún var þá á heilsuhalinu í Hveragerði og hann hafði opnað bréfið þegar það barst.

„Maðurinn sagði að börnin þeirra teldu að ég væri að gera grin að móður þeirra. Þau ákveðu að halda fund til að ákveða hvernig ætti að bregðast við því. En síðan kom í ljós að konan var sjálf spennit fyrir samstarfinu við okkur. Það endaði með því að við Magnhildur förum suður, ræddum við þau hjónin og keyptum mörg verk. Konan sýndi síðan hér og þá keyptum við alla sýninguna. Það eru því til einhver ósköp af verkum hennar hér, mjög finar myndir. Viðhorf barnanna snarþreytt við þetta.“

Gaman að koma fólk á óvart

Í Safnasafninu er unnið merkilegt brautryðjandastarfi fyrir íslenska alþýðulist:

„Þetta er fyrst og fremst hugsjón, barátta fyrir þetta fólk. Síðan ánægjan af að sjá það blómstra og koma saman á einum stað,“ segir Niels. „Það er vissulega margt stórkostlegt í gangi. Við sýnum eitthvað nýtt á hverju ári, það er gaman að koma fólk á óvart með nýjum verkum, mörgum sýningum.“

Safnið stendur við hringveginn en það setir furðu þegar Niels segir að ferðahjónustan sinni því ekkert, til að mynda komi engar ráttur með farþega frá skemmtiferðaskipum sem leggja að bryggju á Akureyri. Jafnvel þótt því hafi verið lofað.

„Kannski er betra að fá ekki alla þessa farþega, það dimmdi í húsunum og fólk fær jafnvel að reka sig utan í verkin ef þessi straumur beindist hingað inn. En sama flotta fólkid kemur hingað aftur og aftur, og tekur oft með sér gesti. Það er ánægjulegt og sjálfsgagt miklu betra en hitt,“ segir Niels.



Metta Halseton og Magnúsdóttir
Sigrúnardóttir við Leik eftir Ragnar
Bramason við íþingaugunum í Söfnu-
salinu. Wale sagde að dóttur hafi verið
á Hlíð á veiti. Magnúsdóttir og Metta.